

Aðalfundur GO 2017

Golfskálanum á Urriðavelli 7. desember 2017

1. Setning fundar

Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GO bauð fundargesti velkomna og bar upp fyrsta lið sem var kosning fundarstjóra og fundarritara. Stefán Geir Þórisson var kjörin fundarstjóri og Svavar Geir Svavarsson var kjörinn fundarritari. Um 40 félagsmenn sóttu aðalfund GO árið 2017. Stefán Geir fór yfir boðun og lögmati fundarins og síðan var gengið til formlegrar dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar

Elín Hrönn Ólafsdóttir fór yfir liðið starfsár. Elín þakkaði þeim félagsmönnum sem komið höfðu að máli við sig fyrir góð ráð og ábendingar er varðaði golfklúbbinn okkar, lengi mætti gott bæta. Elín sagði að sumarið hefði að mörgu leyti verið mjög gott og lærdómsríkt. Lengsta golfár í sögu GO, opið frá 10. maí - 1. nóvember. Elín þakkaði starfsmönnum fyrir þeirra störf og Nikka og Pálu í veitingasölunni sérstaklega fyrir þeirra starf. Elín færði golfkennurum Golf Akademíu Odds þakkir fyrir þeirra störf. Konur í golfklúbbum Oddi eru fjölmargar og er hæsta hlutfall kvenna í GO innan vébanda GSÍ eða um 41%. Elín ræddi um það öfluga starf sem unnið er í kvennanefnd GO og hrósaði nefndinni fyrir góð störf.

Félagsstarf

Félagsstarf var hefðbundið á árinu. Powerade, mótaröðin á sínum stað. Meistaramótið var lengt í 8 daga til að reyna að auka framboð á rástímum yfir daginn. Mótið sjálft heppnaðist afskaplega vel og ríkti mikil gleði meðal keppenda. Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Rögnvaldur Magnússon stóðu uppi sem klúbbmeistarar GO árið 2017.

Bændaglíman var jafn vinsæl og í fyrra og örugglega sú fjölmennasta á landinu, framkvæmdin þetta árið þótti hafi heppnast afar vel og nú komist færri að en vilja á mótið. Elín þakkaði Valdimari Júlíussyni fyrir góð störf í mótanefnd á árinu.

Elín minntist á holukeppni GO og óskaði Hilmarí Vilhjálmssyni til hamingju með sigur þar í sumar.

Elín talaði um þá vegferð sem ný félagsnefnd væri að vinna að, hvatti hún félagsmenn til að taka þátt í félagsstarfinu.

Staða Odds varðandi inniaðstöðu er ekki svona stórum golfklúbbi sæmandi. Elín fór inn á að nauðsynlegt væri að huga að framtíðinni í þessum efnum. Hugmyndir væru komnar fram og samtal við bæjaryfirvöld og landeigendur hafið og vonandi komast umræður á skrið á þessu komandi starfsári.

Elín lagði áherslu á mikilvægi miðlana okkar og að almenn ánægja hefði verið með þá á árinu, hún hafði sérstaklega á orði virka klúbbasíðu kvennanefndar á facebook sem hún hvatti konur til að verða hluti af. Utanlandsferð GO er orðinn árlegur viðburður og að þessu sinni var haldið til Novo Sanctri Petri með um 40 manna ferð sem auðvelt hefði verið að bæta 10 manns við sem áhuga höfðu en engin sæti voru í boði.

Barna- og afreksstarf var starfrækt á árinu. GO sendi sveitir í Íslandsmót golfklúbba og var árangur góður á árinu. Fjölgun var á barnanámskeiðum og vonandi heldur sú þróun áfram.

Umhverfisvottun GEO, afrakstur þriggja ára vinnu varð að veruleika í haust þegar Golfklúbburinn Oddur hlaut hina alþjóðlegu GEO Certified* vottun. Staðfestir vottun þessi að golfklúbburinn Oddur starfar með umhverfi sínu á sjálfbæran hátt. Elín talaði um að þetta væri meira upphafið af frekari starfi og endurbótum og að vottunin styðji vel við uppbyggingu golfvallarsvæðisins. Sem hluta af þessari vinnu fórum við í útboðm á rafmagni hér á svæðinu og það skilaði okkur hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla og sýnir golfklúbburinn gott fordæmi með þessari vinnu allri.

Fjárfestingar og framkvæmdir

Framkvæmdir við byggingu vélageymslu stendur yfir og vonir standa til að hún verði klár í vetur.

Samræður golfklúbbsins og Garðabæjar varðandi það að koma vatnsmálum í lag til frambúðar hafa skilað sér í því að samkomulag náðist við Garðabæ um að koma að borun nýrrar vatnaholu. Boruninni er lokið og mælingar sína að holan er líkleg til að skila góðu búi um 15-20 sekúndulítrum í stað þeirra 3 sem við höfum haft aðgang að í gömlu holunni. Við tókum að okkur uppbyggingu og frágang á dæluhúsi og leiðir Baldur það verkefni sem er langt komið.

Engin breyting hefur orðið á vatns og netmálum. Lagnir sem lagðar voru í fyrra eru enn ótengdar en við vonumst til þess að það klárast á næsta ári.

Elín fór yfir þá vinnu sem starfsmenn höfðu framkvæmd sem fól að mestu í sér viðgerðir og viðhald en þó einhverjar endurbætur og talaði hún sérstaklega um gott handbragð og vinnu okkar starfsmanna sem sýndi sig t.d. í gerð sjólvegs á 9. braut.

Vinavellir

Teknir voru inn þrír nýir vinavellir á árinu og eitt datt úr hópnum. Við fórum líklega fyrstir golfklúbba út fyrir landssteinana þegar Craigiellaw Golf Club í Skotlandi bættist í hóp góðra valla. Elín sagði frá því að hún hefði sjálf farið þangað í sumar og staðfesti að þetta væri vissulega frábær kostur. Jaðarsvöllur á Akureyri og Vestmannaeyjavöllur í Eyjum bættust svo einnig í hópinn. Að venju voru vinavellir voru mjög vel nýttir á árinu og er það þjónusta sem félagsmenn kunna greinilega að meta.

Stækkun Urriðavallar

Stjórn GO er mjög hugleikið að stækka Urriðavöll í 27 holur. Mikill vilji er fyrir því að þetta verði að veruleika. Garðabær lauk vinnu við nýtt aðalskipulag bæjarins og þar var ekki gert ráð fyrir stækkun vallarins. Ekki var tekið tillit til vinnu landeiganda varðandi nýtt deiliskipulag innan svæðisins. Í kjölfarið héldum við opinn fund um deiliskipulagið hér í golfskála í júní, þar sem við kynntum okkar gögn og skýrslu Náttúrufræðistofnunar. Í kjölfar fundar gerðum við og landeigendur og fleirri aðilar athugasemdir við aðalskipulagið og nú lítur út fyrir að opnað sé fyrir þann möguleika að leggja brautir á svæðinu. Verkefni nýrrar stjórnar er því að þoka þessu máli áfram.

Inniaðstaða

Elín fór yfir stöðu mála varðandi inniaðtöðu og þann skort sem í dag stæði íþrótta- og félagsstarfssemi fyrir þrifum. Aðrir golflúbbar hefðu stigið skref í þessa átt og við þurfum að fylgja ætlum við okkar að eiga framtíðarvon og halda í okkar félagsmenn. Stofnuð hefur verið nefnd til að vinna undirbúningsvinnu.

Fjármál

Elín talaði um að áhersla hennar hafi verið á að koma lagi á þá þætti sem áhrif hefðu á rekstur golflúbbssins. Mikil vinna hefði farið í að læra á þá áhrifaþætti og umhverfi sem áhrif hafa á starfið. Elín talaði um að í samanburði við aðra golflúbbba stæðum við ekki jafnfætis og stafaði það að mestu leiti út af hárri leigugreiðslu til landeiganda sem aðrir klúbbar þyrftu ekki að standa sömu skil á. Nýr samningur við landeigendur í lok ársins skilaði klúbbnum hagstæðari samning og svigrúmi til aukinnar samvinnu.

Elín fór einnig yfir þátt sveitarfélagsins og talaði um að við þyrftum að mæta betri skilning á þörfum okkar og stöðu. Fundir með íþrótta- og tómstundaráði og bæjarstjóra hefðu verið góður vettvangur til þess að koma á framfæri okkar sjónarmiðum og t.d. að ýta burtu 25 ára gömlum sögusögnum um að bæjarfélagið þyrfti ekki að bera neinn kostnað af starfsemi á svæðinu. Rætt hefði verið við bæjarfélagið um framtíðarsýn og sanngirnissjónarmiðum haldið á lofti. Elín hafði trú á að mikið hefði áunnist og það myndi skila sér með tímanum.

Elín fór yfir stöðu í rekstri og að reikningar félagsins sýndu að nokkur viðsnúningur hefði orðið í rekstri, hún og stjórn væru stolt af þeirri vinnu sem lagt hefði verið í en lagði áherslu á bættur rekstur klúbbssins yrði markmið stjórnar næstu árin eins og undanfarin ár. Stefnt sé að því að má jafnvægi og skapa eigið fé til að geta mætt ófyrirséðum kostnaði. Elín lagði áherslu á að skilning þarf að sýna styrktaraðilum og þeirra aðkomu að rekstri sem væri mikilvægur þáttur í okkar rekstri.

Lokaorð

Elín Hrönn tilkynnti að hún hygðist gefa kost á sér til endurkjörs sem formaður. Elín sagði að árið hefði verið lærdómsríkt og annasamt. Hún sagði að það fyllti sig stolti að tengjast golflúbbnum Oddi. Þakkaði öllum sem komið hafa að starfinu fyrir þeirra hlut í því að gera umhverfi og völlinn okkar einstakan svo um sé talað. Elín þakkaði samstarfsmönnum sínum í stjórn fyrir samstarfið. Elín sagðist stolt af þeim félagsanda sem ríkti í Oddi, stolt af sjálfböðaliðum sem alltaf væru tilbúnir að veita hjálparhönd. Stolt af því að fyrirtæki vildi sækja okkar flotta umhverfi og gæði heim.

2. Kynning á endurskoðum reikningnum

Halla Hallgrímsdóttir, gjaldkeri, fór yfir tekjur og gjöld á rekstararárinu. Tekjur klúbbssins voru 173 (m) á móti 169 (m) árið á undan. Ljós er að nokkur viðsnúningur varð á rekstri klúbbssins og aðhald í rekstri nokkuð sem skilaði sér í að gjöld klúbbssins voru lægri í ár 165 (m) á móti 174,5 (m) á árinu 2016. Hagnaður var því af rekstri um 6,7 milljónir.

Skýring á auknum tekjum má rekja að einhverju leiti til fjölgunar erlendra kylfinga og aukningu vallartekna. Mótahald fyrirtækja skilaði lægri tekjum í ár, golfbílar hærri tekjum. Nokkuð hátt hlutfall ógreiddra gjalda frá fyrri árum var niðurfellt að hluta. Þegar rekstrargjöldin eru skoðuð betur er góður rekstur Urriðavallar stærsti þátturinn í lægri gjöldum ásamt því að launakostnaður lækkar milli ára. Lítið var framkvæmt á árinu og ástand vallarins almennt gott sem skapaði góðar aðstæður til hagræðingar í rekstri. Segja má að Tryggvi hafi einungis fengið að slá og vökva. Leiga á tækjum og hækkaði á milli ára þar sem við fengum afslátt af leigugjöldum frá GOF á árinu 2016. Þetta var hluti af vinnu stjórnar á árinu að koma þessum útgjöldum í fast form og með nýjum samningi við GOF tókst að koma þessu á gott ról og voru báðir aðilar ánægðir með þann samning.

Efnahagur heldur áfram að stækka en borholan okkar bættist í eignasafnið en hún er unnin í samvinnu við Garðabæ. Gamlar viðskiptakröfur sem voru orðnar ákveðinn baggi á klúbbnum hafa verið niðurfærðar að hluta. Óráðstafað eigið fé jókst umtalsvert á árinu miðað við fyrra ár í 8,5 (m) úr 2 (m).

Halla opnaði fyrir umræður en hélt svo áfram og fór beint í Fjárhagsáætlun 2018 sem var liður 6 á dagskrá.

6. Árgjald og önnur gjöld næsta árs - Fjárhagsáætlun næsta árs

Halla Hallgrímsdóttir, gjaldkeri GO, kynnti fjárhagsáætlun næsta árs. Gert er ráð fyrir að tekjur klúbbsins aukist um 5,5 milljónir á milli ára og verði rúmlega 179 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður aukist milli ára um 10 milljónir og verði um 175 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir um tveggja milljón króna hagnaði á næsta ári samkvæmt áætlun en lítið má útaf bregða til að enda náir saman.

Gjaldskrá

Halla kynnti tillögu að árgjaldi og gjalda fyrir næsta starfsár. Þar voru kynntar breytingar á gjaldskrá sem verður eftirfarandi:

Félagsgjöld GO 2018	Gjald
Félagsmenn 26-66 ára	114.900
Félagsmenn 67-84 ára	91.900
Félagsmenn 85 ára og eldri	34.500
Félagsmenn 18-25 ára	54.500
Börn og unglingar 17 ára og yngri	34.500
	— — —
Systkinaafsláttur:	
— Tvö systkini	44.500
— Þrjú systkini	55.500
— Fjögur systkini	66.500

Fundarstjóri tók við fundinum af Höllu og kom fundinum á réttan kjöl miðað við dagskrá

Orð var gefið laust vegna skýrslu stjórnar og ársreiknings og um fjárhagsáætlun

Til máls tók Valdimar Lárus Júlíusson - hann benti formanni og fundinum góðfúslega á að almennt töluðum við um teiga eftir númerum en ekki kyni eða lit hér og lagði áherslu á að fundarmenn hefðu það í huga. Valdimar vildi einnig ítreka það að verkefni eins og hækkun gjalda ætti ekki að vera eitthvað sem stjórnin ætti að hræðast. Mikilvægt væri að huga að rekstri á ábyrgum nótum og það væri lagt til grundvallar við slíkar ákvarðanir og því nauðsynlegt að taka rétt og góð skref í rekstri.

Til máls tók Sigurður Ingi Halldórsson - Sigurður hrósaði stjórn fyrir þeirra störf á árinu og góðan rekstur. Sigurður talaði um samninginn milli GOF og GO og að hann kannaðist ekki við að blásið hafi milli aðila á samningafundi þetta hefði frekar verið eins og létt gola og að báðir aðilar væru sáttir.

Ársreikningur borinn upp til samþykktar

Hann var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Fjárhagsáætlun borinn upp til samþykktar

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar

Fundarstjóri fór yfir það að engar breytingar á lögum væru fyrirætlaðar og því yrði þessi liður ekki frekar ræddur.

7. Kosning formanns og stjórnar GO

Fundarstjóri kynnti fyrir hönd kjörnefndar tillögu að nýrri stjórn GO sem skv. nýjum lögum félagsins telst fullskipuð/sjálfkjörin þar sem nefndinni bárust jafn mörg framboð í embætti eins og í boði voru innan þess frests sem lög klúbbsins gera ráð fyrir en auglýst var eftir framboðum fyrir 23. nóvember.

Til formanns var eitt framboð – formaður til eins árs verði Elín Hrönn Ólafsdóttir,

Til stjórnarmanns til tveggja ára eitt framboð, Einar Geir Jónsson

Til stjórnarmanns til tveggja ára eitt framboð, Kári Sölmundarson

Til stjórnarmanns til eins árs, Berglind Rut Hilmarsdóttir

Til varamanns í stjórn til eins árs, Auðunn Örn Gylfason

Skipan nýrrar stjórnar var því samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri bar upp að lagt væri til að skoðunarmenn reikninga yrðu eins og á liðnu ári Helgi F. Arnarson og Davíð Einarsson og Ásbjörn Björnsson til vara.

Tillagan var samþykkt með lófaklappi

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að kjörnefnd yrði eins og á liðnu ári skipuð þeim Guðmundínu Ragnarsdóttir, Gunnar Viðar og Kristjönu Þorsteinsdóttir.

Tillagan var samþykkt með lófaklappi

8. Önnur mál

Engin önnur mál lögð fram.

Fundarstjóri sleit fundinum og óskaði félagsmönnum gleðilegra jóla.

Fundi slitið kl. 21:05

Fundargerð ritaði Svavar Geir Svavarsson